

24. Frumvarp

Til laga um breytingu á l. nr. 32, 23. júní 1932 um brúargerðir.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Á eftir 3. gr. komi ný 4. grein svohljóðandi:

Til brúargerða þeirra, sem taldar eru í 2. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka lán hjá sýslu- og sveitarfélögum á ábyrgð rikissjóðs, allt að 60 þús. kr. á ári í fjögur ár, 1933—1936. Lánin endurgreiðist á 6—8 árum og séu vextir $\frac{1}{2}\%$ hærri en hæstu innlánsvextir í Landsbankanum. Vexti og afborganir af lánunum þessum skal telja með öðrum slíkum gjöldum rikissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í lögum um brúargerðir nr. 62, 28. nóv. 1919 var í 4. gr. heimild til lántöku til brúargerða. Var samkvæmt henni nokkrum hluta af innanríkisláninu frá 1920 varið til brúargerða, en hve miklu, kemur ekki fram í LR. — Sérstök fjárveiting til brúargerða var ekki tekin í fjárlög 1920—1925, en kostnaður talinn í LR. með öðrum gjöldum vegna sérstakra laga. Síðan hafa verið árlegar fjárveitingar til brúargerða í fjárlögum, en kostnaður hefir á árunum 1926—1932 orðið nær helmingi eða um 1 millj. kr. hærri en fjárveitingum nemur; og hefir þessi mismunur að langmestu leyti komið fram í LR sem umframeyðsla, en um 178 þús. kr. eru greiddar samkvæmt sérstökum lögum (brýr á Þverá og Af-fall og Brákarsund í Borgarnesi) og eru hér af um 120 þús. kr. lánsfé, en um 35 þús. kr. eru teknar að láni 1932 til bygginga brúa í Kjós á veginum inn fyrir Hvalfjarðarbotn, samkv. heimild í lögum um brúargerðir frá 1919.

Fer hér á eftir tafla, er sýnir fjárveitingar og greiðslur rikissjóðs til brúargerða 1920—1932:

Ár	Fjárveiting kr.	Landsreikningur kr.
1920	Engin	544647,59
1921	—	152860,39
1922	—	147091,51
1923	—	168737,76
1924	—	25177,10
1925	—	108453,44
1926	90000,00	176949,94
1927	224000,00	275878,08
1928	190000,00	319784,35

Ár	Fjárveiting kr.	Landsreikningur kr.
1929	200000,00	457934,27
1930	200000,00	507806,30
1931	150000,00	190960,05
1932	50000,00	eytt um 205000,00
	<hr/>	
	Kr. 1104000,00	3281280,78

Þar sem nú er sýnilegt, að fjárveitingar til brúargerða hljóta á næstu árum að verða miklu lægri en 1927—1931 og jafnframt má telja víst að ekki verði heimiluð nein teljandi umfraniyðsla, þá er sýnilegur mjög verulegur afturkippur í framkvæmdum þessum. Hinsvegar hefir það þegar komið í ljós, að áhugi er víða mjög mikill fyrir að flýta brúargerðum. Hafa nokkrar sveitir þegar boðið fram smáupphæðir að láni til ákveðinna brúa eða látið uppi, að lán muni væntanlega verða boðið fram, ef heimild til lántöku sé fyrir hendi. Er gert ráð fyrir að sýslur eða hreppsfélög verði aðilar gagnvart rikissjóði um slíkar lánveitingar og safni lánsfé til brúabygginga, sem sérstakur áhugi er fyrir innansveitar, og leggist lánsféð fram eftir ástæðum í hvert sinn, sumpart í peningum, en sumpart í vinnu, eins og þegar er fengin góð reynsla fyrir.

Þar sem lánsfé er bundið í nokkur ár, þykir hæfilegt að setja vexti nokkru hærri en innlánsvexti í banka.